

**Sp.**

## **465. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1948.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Með því að nefndin hefur ekki fengizt til að standa óskipt um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, mun minni hlutinn (ÁS og LJóh) skila sérstöku nefndaráliti. Það skal þó tekið fram, að minni hl. hefur allan tímann tekið þátt í unnræðum um hins ýmsu mál í nefndinni, enda margar af þeim brtt., sem meiri hl. ber fram, einnig samþykktar af minni hl. Að öðru leyti mun minni hl. gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 var útbýtt í Sp. þann 28. okt. s. l. og vísað til nefndar þ. 7. nóv. Þann 9. október hélt nefndin fyrsta fund sinn, og úr því daglega til 16. des. Samkvæmt ósk fjármálaráðherra tók nefndin frv. til athugunar og umræðu þ. 28. október, þótt því hefði þá ekki enn verið vísað til hennar, enda þá tilætlunin að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Þegar vítað varð, að lög ríkisstjórnarinnar um dýrtiðarráðstafanir yrðu afgreidd á f. á., var sýnt, að þau mundu hafa margvísleg áhrif á afgreiðslu fjárlaga og að afgreiðslunni yrði því ekki lokið fyrir áramót.

Þegar þingi var frestað í des. s. l., tilkynnti fjármálaráðh. nefndinni, að hann mundi leggja fram nýtt fjárlagafrv. fyrir árið 1948, þar sem dýrtiðarlögin, sem þá höfðu fengið samþykki þingsins, hefðu svo margvísleg áhrif á hinar ýmsu greinar fjárlaganna, að ógerlegt væri annað en að leggja fram nýtt fjárlagafrv. Jafnframt óskaði ráðherra eftir því, að nefndin kæmi saman til áframhaldandi starfa þ. 6. jan., til þess að létta undir með undirbúningi hins nýja fjárlagafrv. Varð nefndin við þessum tilmælum ráðherrans. Kom hún því á ný saman til fundarhalda þ. 6. jan., þótt þingið kæmi ekki saman, eins og kunnugt er, fyrr en 20. jan. Hélt nefndin úr því reglulega fundi daglega, eftir því sem þurfa þótti, og hélt þannig alls 67 fundi. Nefndinni bárust alls 320 erindi varðandi fjárlagaafgreiðsluna, en auk þess ræddu fjöldamargir aðilar við nefndina eða form. hennar um ýmis atriði í sambandi við afgreiðslu málanna. Aflaði nefndin sér einnig margvíslegra upplýsinga um rekstur ríkisins og ríkisstofnana.

Þann 8. jan. samþykkti nefndin að skrifa fjármálaráðuneytinu og óska eftir ýmsum viðbótargögnum og upplýsingum í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, m. a. nýrri tekjuáætlun fyrir árið 1948, yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs í árslok 1947, sundurliðuðum lista yfir allar launagreiðslur á árunum 1946—1947, greinargerð, álit og tillögum sparnaðarnefndar, sem stjórnin hafði skipað til að gera tillögur um niðurfærslur á rekstrarútgjöldum ríkisins og álit fjármálaráðherra á reglugerð fyrir starfsmenn ríkisins frá 11. marz 1946. Sumt af þessum gögnum var nefndinni látið í té, en önnur hefur hún hins vegar ekki getað fengið, svo sem starfsmannaskrána, sundurliðaða þannig, að ljóst sé, hvað hver starfsmaður hefur samanlagt í laun hjá ríki og ríkisstofnunum, þótt skrá sú, sem nefndinni var send, gæfi um þetta nokkra hugmynd. Telur nefndin, að þessara gagna þurfi að afla og láta þau fylgja með öðrum gögnum við athugun og afgreiðslu á næsta fjárlagafrv. Nefndin fékk heldur enga greinargerð né tillögur frá sparnaðarnefndinni, enda upplýst, að störfum hennar væri eigi svo langt komið, að þess væri að vænta. Leggur nefndin áherzlu á, að þessar upplýsingar allar liggi fyrir, er Alþingi kemur næst saman.

Þann 23. jan. lagði fjármálaráðh. fram nýtt fjárlagafrv. í Sp. Var því vísað til nefndarinnar þ. 27. jan. Frv. þetta var að mörgu leyti frábrugðið frv. því, sem áður hafði verið lagt fram. Voru bæði tekju- og gjaldaliðir þess miklu hærri. Tók nefndin frv. þá þegar til athugunar.

Skal nú hér á eftir vikið nokkuð að þeim breytingum, er meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar verði á hinum einstöku greinum frv.

## TEKJURNAR.

Við áætlun teknanna hefur meiri hl. nefndarinnar haft til hliðsjónar tekjur ársins 1947, en þær urðu alls það ár um 234 millj. króna. Helztu tekjuliðirnir urðu sem hér segir: Tekju- og eignarskattur, þar með talinn hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti, rúmar 48 millj., vörumagnstollur rúmar 23 millj., verðtollur rúmar 72 millj., ágóði af áfengisverzlun 48 millj. og ágóði af tóbaksverzlun tæpar 24 millj. En jafnframt þessu þótti og nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar innflutningsáætlun fjárhagsráðs fyrir 1948, þar sem vitað er, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi eru jafnan háðar innflutningnum. Ræddi nefndin þessi mál því allrækilega við fjárhagsráð og fjármálaráðherra, áður en hún tók afstöðu til þessa kafla frv. Að meiri hluti nefndarinnar taldi rétt að áætla ekki tekjur af vörumagnstolli og verðtolli hærri en gert er í frv., þrátt fyrir reynslu frá f. á., stafar af því, að gert er ráð fyrir mun minni innflutningi á þessu ári, og þó einkum mun minni innflutningi á þeim vörum, sem teljast til verðtollsvöruflokka.

### 2. gr.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið tekið fram, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að greinin verði samþykkt óbreytt.

### 3. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun samkvæmt þessari grein verði hækkuð um 537800 krónur, sem sundurliðast þannig:

Brúttótekjur póstsjóðs .....	kr. 820 000
Brúttótekjur landssmiðjunnar .....	— 37 800
	<hr/>
	Kr. 857 800
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum .....	— 320 000
	<hr/>
	Alls kr. 537 800

Af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, er ljóst, að tekjur póstsjóðs á s. l. ári urðu á engan hátt minni en gert var ráð fyrir, heldur stafaði rekstrarhallinn af því, að ekki hafði tekizt að halda niðri útgjöldum samkv. áætluninni, m. a. var um 200 þús. kr. rekstrarhalli á fólksflutningsbifreiðum ríkisins. Með tilvísun til þess, að gert er ráð fyrir því, að viðskiptavelta bifreiðanna verði á þessu ári 2,3 millj. króna og að fargjöld hafa verið hækkuð allverulega á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður, en á henni varð mestur rekstrarhalli á s. l. ári, þykir mega áætla tekjurnar af þessum rekstri það miklu hærri, að jöfnuður náist. Enda leggur nefndin áherzlu á, að slíkur rekstur eins og hér er um að ræða, sem rekinn er samhliða einkarekstri, verði skipulagður þannig, að ríkissjóður tapi engu í við það að hafa tekið hann að sér.

Þá þótti einnig rétt að hækka tekjuáætlun landssmiðjunnar, svo að rekstur hennar yrði hallalaus. Gilda um hana allar sömu aths. sem hér að framan eru gerðar við rekstur bifreiðanna.

Þótt nefndin geri ekki tillögu til breytinga á liðunum IV. og V., þ. e. rekstri viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju ríkisútvarpsins, þykir rétt að benda á, að óeðlilegt er, að þessi fyrirtæki séu rekin með halla, og að stefna beri að því, að skipulagning og starfsskilyrði þeirra verði bætt þannig, að þau verði framvegis rekin hallalaust, en áætlaður rekstrarhalli þeirra í frv. er alls nærri 50 þús. kr. Þá þykir og rétt að benda á, að bresta mun lagaheimild til þess, að ríkið starfræki trésmiðju samkv. 10. tölulið þessarar greinar, og að rétt væri, að stjórnin aflaði sér slíkrar heimildar. Eins þykir rétt að benda á, að mjög ófullkomnar upplýsingar lágu fyrir um tunniverksmiðju ríkisins, sem þó er áætlað, að framleiði á þessu ári

vörur fyrir nærri 6 millj. króna. Verður að krefjast þess, að fyrirtæki, sem hyggst að hafa slíkan stórrekstur, sendi frá sér til Alþingis eitthvað meira en stutt simskeyti sem fullnaðargögn fyrir fjárveitingarnefnd að fara eftir.

### GJALDABÁLKURINN.

#### 3. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að framlag til notendasíma í sveitum verði hækkað um 320 þús. Af hinum mörgu þörfum sveitanna er fátt jafnaðkallandi og sveitasíminn, enda úr fáu öðru hægt að bæta jafnfljótt með sambærilegu framlagi úr ríkissjóði.

#### 7. gr.

Á þessari grein eru reiknaðar rúmlega 5 millj. króna sem rekstrargjöld ríkisins. Í sambandi við þetta er upplýst, að ríkissjóður hafi orðið að greiða skuldir, vexti og afborganir af lánum fyrir sildarverksmiðjur ríkisins á árinu 1947—48 um 5,5 milljónir króna, fyrir Skeiðsárvirkjunina 1947 um 730 þús. og fyrir hafnargerð á Skagaströnd 1946—47 um 350 þús. Þótt ekki sé gerð tillaga til breytinga um vaxtatekjur á móti frá viðkomandi aðilum, sem að sjálfsögðu koma til að greiða þessar upphæðir síðar, þykir rétt að benda á, að það verður að vera ófrávikjanleg krafa, að ríkisstjórnin setji sérstakt eftirlit með rekstri þeirra fyrirtækja, sem ekki standa í skilum með lögbundnar og samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánum, sem ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir, ef ekki á beinlínis að stefna að því, að ríkissjóður beri verulegt tjón af ábyrgðunum.

#### 10. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að laun við sendiráðið í Stokkhólmi verði hækkuð um 17 400 kr. vegna V. Finsens, sem fengið hefur fri frá störfum með launum. Einnig er lagt til, að hækkuð sé staðaruppbót við sendiráðin í Moskva og París vegna hækkanði dýrtíðar í þeim löndum. Nefndin hefur fengið upplýst að nokkurt fé sé til í sjóði hjá samninganefnd utanríkisviðskipta, sem inn er komið sem gjald á útfluttar vörur. En með því að töluverður þáttur utanríkisþjónustunnar er í því fölginn að aðstoða við sölu afurðanna erlendis, þykir ekki óeðlilegt, að fé þetta sé látið koma á móti útgjöldum vegna samninga við erlend ríki eða annað í sambandi við utanríkisþjónustuna. Meiri hl. leggur því til, að 500 þús. af þessu fé verði tekið inn á þessa grein til lækkunar á kostnaði við utanríkisþjónustuna. Verði þessar tillögur samþ., lækka útgjöldin á greininni í heild um kr. 431 094.00.

#### 11. gr.

Þá er lagt til, að tekjur af rekstri vinnuhælisins á Litla-Hrauni verði hækkaðar úr 140 þús. í 240 þús., þannig að rekstrarhalli hælisins minnki um 100 þús. Með tilliti til þess, að rekinn er þarna iðnaður, þykir mega gera ráð fyrir því, að þetta takist með góðri stjórn. Lagt er til, að fellt sé niður fé til útgáfu félagsdóma, 20 þús. kr. Einnig er lagt til, að tekjur af skipaskoðun séu hækkaðar til að mæta útgjöldum, eða um 144 þús. og 300 kr. Þykir ekki óeðlilegt, að þetta eftirlit fái með skoðunargjöldum nægilegar tekjur á sama hátt og annað opinbert eftirlit, svo sem bifreiðaeftirlitið o. fl. Er þó líklegt, að gera þurfi breyting á lögunum til þess að geta hækkað gjöldin. Þá er enn fremur lagt til, að kostnaður við mat á fiski sé lækkaður um rúmar 105 þús., þannig að skrifstofukostnaður og annar kostnaður við freðfisksmatið séu lækkaðir um þessa upphæð. Eru þessar tillögur mjög í samræmi við það, sem ráð er fyrir gert í því frv., sem nú hefur verið lagt fram af ríkisstjórninni um framtíðarskipulag þessara mála. Þá er enn lagt til, að kostnaður við húsaleigunefndir, kr. 150 þús., verði felldur niður, svo og kostnaður við skattdómara, 30 600 kr. Kostnaður við nýbyggingarsjóðsnefnd, 5 þús. kr., er

lagt til, að falli niður. Má fela þetta starf ríkisskattaneftndinni án þess að hafa þar af nokkurn aukakostnað.

Ríkisstjórnin hefur tekið upp í þessa grein 2 000 000 kr. til eftirlits með viðskipta- og verðlagsmálum og jafnmiklar tekjur á móti. Eftir upplýsingum, sem fyrir nefndinni liggja um kostnað þann, sem hér um ræðir, er hann með þeirri skipan, sem nú er á þessum málum, mun hærri en þetta. Nefndin leggur þó ekki til, að þessi útgjaldaupphæð verði hækkuð í frv., og er það með tilliti til þess, að hún leggur á það áherzlu, að ríkisstjórnin dragi svo úr þessum kostnaði á árinu, að tekjur og gjöld á þessum lið standist á.

Verði þessar tillögur meiri hl. nefndarinnar samþykktar, hækka tekjur á móti gjöldum á þessari grein um kr. 244 300, og útgjöldin lækka jafnframt um kr. 311 060. Verður þá lækkun útgjalda alls kr. 555 360 á þessari grein. Nefndin hefur ekki séð ástæðu til að gera tillögu um að taka upp á þessa grein útgjaldaliði vegna framtals-neftndar, enda ekki teknar upp á frv. neinar tekjur af eignakönnun.

#### 12. gr.

Lagt er til, að tekið sé upp 100 þús. kr. framlag til heilsuverndarstöðva, með því að ákveðið hefur verið að fresta framkvæmdum III. kafla almannatryggingalaganua um heilsugæzlu.

#### 13. gr.

Í fjárlfrv. hafði framlag til nýrra vega verið lækkað um 3.6 millj. frá því, sem veitt var til veganna á fjárl. s. á. Samkv. upplýsingum frá vegamálastjóra hafði verið unnið á s. l. ári fyrir tæpar 8 millj. í nýjum vegum, þar af fyrir 685 þús. kr. fyrir lánað fé úr héruðum í 10 vegum alls og yfir 20 vegum fyrir 600 þús. umfram fjárveitingu. Hins vegar eru 998 þús. í geymslufé ýmissa vega, sem ekki hafði verið unnið fyrir á árinu. Er því ljóst, að erfitt verður að draga úr framlagi til vega, enda fullt samkomulag á milli nefndarinnar og fjárhagsráðs, að fjárfesting og fjárframlög á þ. á. beri fyrst og fremst að miða við eflingu þeirra atvinnuvega, sem stuðla að aukningu framleiðslunnar, en í þeim flokki eru tvímælalaust hafnir, vegir og brýr. Vegamálastjóri hafði samkvæmt beiðni nefndarinnar sent sundurliðaðar tillögur um skiptingu á vegafé. Með tilvísun til þessa er lagt til, að framlag til nýrra þjóðvega verði hækkað um rúml. 3,8 millj. og því skipt á þann hátt, sem gert er í breytingartillögunum.

Í fjárlagafrv. er framlag til nýrra brúa áætlað 1 millj. króna. Byggðar hafa verið brýr á árinu 1947 fyrir um 1,9 millj., auk Jökulsárbrúar fyrir 2,2 millj., eða alls fyrir rúml. 4 millj. Ónotað geymslufé til brúagerða í árslok 1947 er rúml. 1.6 millj. Er lagt til, að þessi liður verði hækkaður um nærri 1.8 millj. og fénu skipt á þann hátt, sem lagt er til í brtt. Þá er lagt til, að framlag til brúasjóðs, 600 þús., falli niður, með því að lög um hann hafa verið felld úr gildi. Enn fremur er lagt til, að framlag til ræktunarvegar í Flatey á Breiðafirði verði hækkað um 5 þús.

Endanlegar tillögur frá samvinnunefnd samgöngumála um styrki til flóabáta liggja ekki fyrir, og eru því ekki gerðar tillögur til breytinga á þeim lið.

Í fjárlfrv. eru 3.5 millj. kr. áætlaðar til hafnargerða og lendingarbóta. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin aflaði sér, á ríkissjóður vangreitt til ýmissa hafna rúml. 2.7 millj. til þess að mæta framlagi úr héruðum. Hins vegar er ógreitt geymslufé til hafna, sem enn hefur ekki verið unnið fyrir af ýmsum ástæðum, m. a. vegna þess, að ekki hefur þótt gerlegt að byrja á framkvæmdum fyrr en veruleg fjárupphæð væri fyrir hendi. Lagt er til, að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði hækkað um 1.5 millj. og fénu skipt samkv. brtt. Þá er enn fremur lagt til, að framlag til hafnarbótasjóðs verði hækkað um 350 þús.

Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir tæpum 2.3 millj. króna til rekstrar flugmála. Meiri hl. nefndarinnar gerir tillögur til gerbreytingar á þessum kafla greinarinnar, og verður þá heildarlækkun útgjalda rúml. 484 þús., ef till. er samþykkt. Kemur þetta að mestu leyti fram fyrir áætlaðar auknar tekjur, og er gert í fullu samráði við flug-

ráð og ríkisstjórn. Allar hækkanir á þessari grein, ef till. verða samþykktar, nema um 7.6 millj., en lækkanir á móti rúml. 1 millj., svo að breytingarnar hækka heildarútgjöldin á greininni um rúml. 6.5 millj.

#### 14. gr.

##### B. KENNSLUMÁL

Lagt er til, að námsstyrkir til stúdenta verði hækkaðir um 60 þús. Stúdenta-fjöldinn er nú sívaxandi, og sé upphæðin ekki aukin að sama skapi, hlýtur styrkur hvers stúdents að skerðast frá því, sem verið hefur.

Þá er lagt til, að tekin sé upp nýr liður til undirbúnings Olympíuleikja, 50 þús. Var upphæðinni, sem sótt var um á f. á., skipt á tvö ár, og þótti ekki fært annað en leggja til, að þetta yrði greitt á þ. á. Lagt er og til að lækka kostnað við tilraunastöðina á Keldum um 84 þús. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. Þá er lagt til, að framlag til barnaskólabýgginga verði hækkað um 500 þús. Enn fremur er lagt til, að tekinn verði upp styrkur til Elíasar Eymundssonar læknis til svæfingarnáms í Ameríku, 12 þús., og að framlag til Íþróttasjóðs verði lækkað um 100 þús. kr. Um aðra liði verður rætt í framsögu. Alls eru hækkunartillögur meiri hl. nefndarinnar kr. 629 400, og lækkunartillögur á móti kr. 184 000. Nema þá niðurstöðutölurnar kr. 445 400 til hækkunar útgjalda.

#### 15. gr.

Þá leggur meiri hl. nefndarinnar til, að eftirfarandi liðir verði teknir upp í frv.: Til sjómannastofu í Reykjavík, rekstrarstyrkur 20 þús., auk nokkurra annarra smáupphæða, er getið verður í framsögu. Hækkunartillögur alls á þessari grein eru því 50 þús. krónur.

#### 16. gr.

Lagt er til að lækka framlag til Búnaðarfél. Ísl. um 15 þús. vegna lækkaðs verðlagsvisitölu launa úr 310 í 300. Einnig er lagt til að fella niður framlag til verkfæraakaupasjóðs, 80 þús., þar sem varla þykir gerlegt að skipta svo lítilli upphæð. Þá er lagt til að hækka jarðabótastyrkinn um 500 þús., með því að vitað er, að 2.5 millj., sem nú er áætlað í fjárlfrv., er of lítið til þess að mæta þessum lögboðnu greiðslum. Meiri hl. nefndarinnar leggur og til, að framlag til landnáms og nýbyggða verði á þessu ári lækkað um 1 millj. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. En vitað er, að þessi greiðsla er bundin með lögum, og verður því að leita lagaheimildar, ef fresta á þessari greiðslu. Lagt er til, að tekinn sé upp nýr liður, 310 þús., til byggingar í sveitum, lokagreiðsla, svo og framlag til mjólkurstöðvar, 250 þús., er fallið hafði niður af frv.

Þá er enn fremur lagt til, að framlag til Samábyrgðar Íslands, 1.5 millj., sé fellt niður af þessari grein, þar sem hér er um að ræða eign ríkisins og færist því á 20. gr. Lagt er til, að framlag til Fiskifélags Íslands verði lækkað um kr. 11 230 vegna visitölumreiknings. Enn er lagt til, að laun við stjórn raforkumála séu lækkuð um 183 þús., með því að ljóst er, að í mörg af þeim embættum, sem þar er reiknað með, hefur enn ekki verið skipað. Til jöfnunar móti gjöldum er svo lagt til, að tekju-liðurinn verði hækkaður um 1 þús. krónur. Þá er enn fremur lagt til, að framlag til nýrra raforkuframkvæmda verði hækkað um 1.25 millj. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. Að síðustu er lagt til, að tekjur rafmagnseftirlitsins verði hækkaðar um 15 þús., til þess að mæta rekstrarhalla á þessum lið.

Tillögur til hækkunar á þessari grein eru alls 2.35 millj., en til lækkunar alls kr. 2 805 230. Verður þá mismunur til hagnaðar kr. 455 230.

#### 17. gr.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að framlag til alþýðutrygginganna verði lækkað um 1.6 millj. Er þetta gert í samráði við ríkisstjórnina. — Þá er og lagt til, að

framlag til greiðslu meðlaga með börnum erlendra manna sé lækkað um 500 þús., og er þetta einnig gert í samráði við ríkisstjórnina.

Þá leggur meiri hl. nefndarinnar einnig til, að teknir verði upp eftirfarandi liðir: Hækkun til elliheimila, 4 þús., hvar af 3 þús. fara til elliheimilis á Patreksfirði og 1 þús. til elliheimilis á Seyðisfirði, og til Slysavarnafélagsins 200 þús. vegna endurbyggingar á björgunarskipinu Sæbjörgu.

Alls eru tillögur meiri hluta nefndarinnar til hækkunar útgjalda á þessari grein 239 þús., en til lækkunar 2.1 millj. Rekstrarútkoman á þessari grein því 1 millj. 861 þús. hagstæðari en í frv., ef þær verða allar samþykktar.

#### 18. gr.

Í fjárlagafrv. eru heildarútgjöld á þessari grein rúmar 5 millj. Lagt er til, að gerðar verði nokkrar breytingar, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu. Hækkunartill. meiri hl. nema rúmlega 30 þús. krónum.

#### 20. gr.

Lagt er til í samráði við ríkisstjórnina, að eftirfarandi breytingar séu gerðar á þessari grein: Framlag til ríkisspítalanna lækki um 170 þús., framlag til fávítahælis lækki um 400 þús. og orðin „í Kópavogi“ falli niður. Framlag til bændaskóla í Skálholti lækki um 1 millj. 425 þús. Hefur þetta fé áður verið veitt í fyrra árs fjárlögum, og þykir ekki ástæða til þess að taka það upp sem endurveitingu fremur en aðrar fjárveitingar til hliðstæðra framkvæmda. Framlag til byggingar þjóðminjasafns lækki um 1 millj., enda verði heimild tekin upp á 22. gr. til þess að taka jafnháa upphæð að láni til þessara framkvæmda. Að framlag til byggingar tollstöðvar í Reykjavík, 500 þús., verði fellt niður, og framlag til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölfusi verði lækkað um 50 þús. Þá er lagt til, að tekið verði upp 100 þús. kr. framlag til byggingar útihúsa á prestssetrum, til bygginga Sjómannaskólans í Reykjavík 850 þús. og framlag til Samábyrgðarinnar, flutt af 16. gr. B. 1. 5 millj. Samanlagðar hækkunartillögur á þessari grein eru því 2,3 millj., en lækkunartillögur um 4,7 millj., eða raunverulegar lækkanir kr. 2,224 þús., ef tillögurnar verða allar samþykktar.

#### 22. gr.

Lagt er til að heimila ráðherra að greiða ýmsar upphæðir, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Rætt hefur verið við ráðherra um öflun tekna til að mæta rekstrarhalla á fjárlagafrv. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umræðu, er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umræðu, og mun stjórnin þá afla sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárlaganna.

Hér er að síðustu yfirlit yfir þær breytingar, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til, að gerðar verði.

Hækkun tekna í 3. gr. ....	kr.	857 800
Þar frá dregst:		
Hækkun gjalda í 3. gr. ....	—	320 000

---

Tekjuhækkun alls kr. 537 800

---

Hækkun gjalda alls .....	kr. 7 249 055
÷ lækkun gjalda alls .....	— 3 302 684

---

Gjaldahækkun alls    kr. 3 946 371

---

#### EIGNABREYTINGAR.

Lækkun útborgana samkv. 20. gr. er samkv. till. meiri hl. nefndarinnar 2 mi 224 þús. kr.

Ef tillögur meiri hl. nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutö fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

#### REKSTRARYFIRLIT.

Tekjur .....		kr. 216 411 150
Gjöld .....	kr. 220 462 158	
Rekstrarhalli .....		— 4 051 008

---

Kr. 220 462 158    Kr. 220 462 158

---

#### SJÓÐSYFIRLIT.

Útborganir .....	kr. 246 390 283
Innborganir .....	— 218 217 250

---

Greiðslujöfnuður    kr. 28 173 033

---

Alþingi, 9. marz, 1948.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Pétur Ottesen.
Helgi Jónasson.	Ingólfur Jónsson.	Sigurður Kristjánsson.
	Halldór Ásgrímsson.	